

## 1. Almennt

Arctic Sea Farm hf. (kt. 700807-0450), Aðalstræti 20, 400 Ísafirði, er með 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1100/IS-36107) fyrir eldi á regnbogasilungi í sjókvíum við Snæfjallaströnd í utanverðu Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 5.300 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi þann 1. september 2016.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið burðarþolsmat fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Ísafjarðardjúps er metið 30.000 tonn fyrir svæðið í heild sinni og mælst er til að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags.

Arctic Sea Farm mun stunda kynslóðaskipt sjókvíeldi á regnbogasilungi í utanverðu Ísafjarðardjúpi við Snæfjallaströnd, á einu sjókvíeldissvæði sem kennt er við Sandeyri og fyrir utan eyðibýlið Ytra-Skarð.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 22. maí til 22. júní 2020 skv. 10. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst ein athugasemd vegna tillögunnar.

## 2. Afstaða Matvælastofnunar

Framkvæmd Arctic Sea Farm var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 20. desember 2013. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 10. janúar 2014. Í umsögninni kom fram að stofnunin taldi ekki tilefni til að umrædd framkvæmd færi í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfði stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum í samræmi við verksvið stofnunarinnar á þeim tíma. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 6. mars 2014 þess efnis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags. Umsókn Arctic Sea Farm snýr eingöngu að útgáfu rekstrarleyfis fyrir regnbogasilung og þ.a.l. á áhættumat Hafrannsóknarstofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi ekki við. Með því að stunda sjókvíeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Framkvæmd Arctic Sea Farm gerir ráð fyrir 5.300 tonnum af regnbogasilungi í utanverðu Ísafjarðardjúpi en fyrir er umsóknaraðili með leyfi fyrir 200 tonna eldi á regnbogasilungi. Fyrir eru í gildi rekstrarleyfi fyrir 7.000 tonnum í innanverðu Ísafjarðardjúpi, 200 tonnum í Skötufirði og 200 tonnum í Skutulsfirði. Þá liggja fyrir aðrar umsóknir um rekstrarleyfi vegna fiskeldis í Ísafjarðardjúpi fyrir samtals 21.900 tonnum en þær framkvæmdir eru enn í umhverfismatsferli hjá Skipulagsstofnun.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði Arctic Sea Farm, eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir kynslóðaskiptu sjókvíeldi þar sem ein kynslóð er alin á eldissvæðinu hverju sinni og eldissvæðið hvílt skv. ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Með kynslóðaskiptingu og hvíld eldissvæðis er stuðlað að því að ástand

botns undir kvíastæði nái ásættanlegu ástandi milli kynslóða. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi hafsbotn ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Arctic Sea Farm mun notast við stofn regnbogasilungs sem Matvælastofnun samþykkir en stofninn sem fluttur er inn í dag, og hefur verið í notkun hér á landi undanfarin ár, er hryngustofn (all female) en það eru hrygnur sem geta myndað hrogn en eru kynbættar á þann hátt að kynproski er síðbúinn. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt.

Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Arctic Sea Farm að Snæfjallaströnd í utanverðu Ísafjarðardjúpi er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Ísafjarðarbæjar þann 13. mars 2019 vegna framkvæmdar Arctic Sea Farm hf. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar (dags. 20. desember 2013) og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 15. apríl 2019, kom fram að 5.300 tonna hámarkslífmassi regnbogasilungs rúmist innan útgefins burðarþolsmats fyrir Ísafjarðardjúp og erfðafræðiáhrif þessara tegundar eldisfisks sé ekki til vandræða á þessum slóðum. Stofnunin áréttar þó mikilvægi kvaða Umhverfisstofnunar til umhverfisvöktunar. Ekki bárust umsagnir frá Fiskistofu og Ísafjarðarbæ.

### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun barst athugasemd frá einum aðila á auglýsingartíma. Athugasemdin var frá Óttari Yngvasyni fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, veiðiréttthafa Haffjarðarár í Hnappadal, Veiðifélagsins Laxár á Ásum og Atla Árdals Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Athugasemdin var send inn 22. júní 2020.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreinds aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

- *Gerð er athugasemd við að um sé að ræða stórfellda breytingu á eldra rekstrarleyfi, þar sem eldismagni er breytt úr 200 tonna árlegri framleiðslu í 5.300 tonna hámarkslífmassa og hnitastaðsetning eldissvæðisins breytt frá því sem tilgreint er í eldra rekstrarleyfi. Vísað er í lög um umhverfismat nr. 106/2000 þar sem mælt er svo fyrir að óheimilt sé að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. laganna fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggja fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6 gr. sé ekki matsskyld. Jafnframt er vísað til lokamálsgreinar 12. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 þar sem segir: „ef rekstrarleyfishafi óskar eftir breytingum á gildandi rekstrarleyfi skal hann leggja fram nýja umsókn...“*

*Þá er bent á 9. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 en þar segir: „ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif framkvæmdar skal liggja fyrir áður en tillaga að rekstrarleyfi er auglýst opinberlega. Ennfremur segi í 1. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: „Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr.*

sé ekki matsskyld.“ Þá er bent á að óhjákvæmilegt sé að umhverfismatsferli fari fram samkvæmt lögum um umhverfismat nr. 106/2000, áður en Matvælastofnun er heimilt að gefa út nýtt rekstrarleyfi.

Gerð er athugasemd við að frummatsskýrslu hafi ekki verið skilað um framkvæmdina eða málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum hafi ekki verið lokið fyrir gildistöku laga nr. 101/2019 hinn 18. júlí 2019, fari því meðferð og afgreiðsla rekstrarleyfis eftir nýjum ákvæðum fiskeldislaga í gr. 4a, sbr. bráðabirgðaákvæði II. í 24. gr. laga nr. 71/2008.

Arctic Sea Farm sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna framkvæmdarinnar, dags. 1. september 2016, og því er ekki um breytingu á eldra rekstrarleyfi að ræða. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 6. mars 2014 um að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegrar áhrifa hennar sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun kvað á um í ákvörðun sinni að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem fjallaði um málið og kvað upp úrskurð þann 14. júlí 2015 þar sem kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun Skipulagsstofnunar um að umrætt eldi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum var hafnað.

- Bent er á, að samkvæmt 15. gr. fiskeldislaga nr. 71/2008 skal Matvælastofnun fella rekstrarleyfi úr gildi, ef fiskeldisstöð hefur ekki innan þriggja ára frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi í samræmi við rekstraráætlun sem fylgdi umsókn samkvæmt ákvæðum 8. gr. Matvælastofnun er þó heimilt að veita undanþágu frá 3 ára tímamarkinu, en ekki lengur en 12 mánuði.

Matvælastofnun hefur ekki afturkallað rekstrarleyfi í þeim tilvikum þar sem rekstrarleyfishafar hafa haft umsókn í vinnslu á sama svæði og þeir hafa rekstrarleyfi fyrir nú þegar. Fyrir liggur að umsækjandi sótti um rekstrarleyfi fyrir 5.300 tonna hámarkslífmassa í september 2016. Matvælastofnun tók þá ákvörðun að hefja ekki feril við afturköllun eldra rekstrarleyfis meðan unnið var úr umsókn þessari.

## 5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arctic Sea Farm fyrir 5.300 tonna eldi á regnbogasilungi í sjókvíum í utanverðu Ísafjarðardjúpi við Snæfjallaströnd.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíeldisstöðva er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst. Rekstrarleyfið gildir til 4. september 2036.

Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1127) fellur úr gildi eldra rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. til 200 tonna sjókvíeldis á laxi og regnbogasilungi (FE1100/IS-36107).

Selfossi, 4. september 2020